



NÝTT HJÚKRUNARHEIMILI Á HÖFN Í HORNAFIRÐI

Hönnunarsamkeppni
Dómnefndarálit

Júní 2019

VERKKAUPI
Heilbrigðisráðuneytið
Sveitarfélagið Hornafjörður

Umsjónaraðili
Framkvæmdasýsla ríkisins



Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið



Samstarfsaðili
Arkitektafélag Íslands

INNGANGUR

Nýtt hjúkrunarheimili mun rísa á Höfn í Hornafirði og leysa af hólmi eldra heimili sem uppfyllir ekki lengur nútímaviðmið um byggingu hjúkrunarheimila.

Samkvæmt nútíma kröfum eru hjúkrunarheimili hönnuð sem litlar heimiliseiningar og áhersla lögð á að skapa aðstæður sem líkjast einkaheimilum eins og kostur er en um leið mæta þörfum þeirra sem hafa skerta getu til athafna daglegs lífs. Jafnframt þarf aðbúnaður að stuðla að góðum vinnuaðstæðum starfsfólks.

Gert er ráð fyrir að hvert hjúkrunarrými sé að hámarki 65 m² brúttóflatarmál eins og viðmið um byggingu hjúkrunarheimila segja fyrir um og heildarstærð 30 rýma hjúkrunarheimilis verður því að hámarki 1950 m² auk viðbótarrýma að ósk og á ábyrgð sveitarfélagsins. Stefnt er að því að útboð á verklegum framkvæmdum verði auglýst í byrjun árs 2020 og að heimilið verði tekið í notkun vorið 2021.

Verkkaupar eru heilbrigðisráðuneytið og Sveitarfélagið Hornafjörður og var samkeppnin unnin í samvinnu við Arkitektafélag Íslands. Vinnan við samkeppnina var í samstarfi við Framkvæmdasýslu ríkisins. Dómnefndarfulltrúar voru tilnefndir af verkkaupum og Arkitektafélagi Íslands og hófust dómstörf í maíbyrjun 2019 eftir að skilafresti tillagna lauk.

Alls bárustsautján tillögur og mat dómnefnd tillögurnar samkvæmt áherslum og markmiðum samkeppnislýsingar hönnunarsamkeppninnar.

Í samkeppnislýsingunni var lögð áhersla á að tillögur tækju m.a. mið af einstakri náttúrufergurð í umhverfi þessa nýja hjúkrunarheimilis og kom það glögg fram í innsendum tillögum.

Dómnefnd þakkar hönnuðum fyrir athyglisverðar og fjölbreyttar hugmyndir sem jafnan voru skýrar og vel fram settar.

DÓMNEFND OG DÓMSTÖRF

Samkeppnin var hönnunarsamkeppni, það er framkvæmdasamkeppni og var opin öllum sem uppfylltu skilyrði samkeppnislýsingar. Hún var auglýst í dagblöðum hérlendis, á vef Ríkiskaupa og á EES-svæðinu um miðjan febrúar 2019. Skilafrestur tillagna var 30. apríl 2019.

Þessi samkeppni var í fyrsta skipti algerlega rafræn. Með samkomulagi allra aðila sem að samkeppninni stóðu var ákveðið að hún yrði „pilot“ verkefni hvað rafrænt fyrirkomulag varðar og hefur það gengið vel.

Sautján tillögur bárust og voru þær allar metnar. Formlegir fundir dómnefndar voru átta, auk vinnufunda.

Dómnefnd skipuðu eftirtaldir aðilar:

Tilnefndir af verkkaupum:

Guðlaug Einarsdóttir, sérfræðingur hjá heilbrigðisráðuneytinu, formaður dómnefndar
Anna Birna Jensdóttir, forstjóri Sóltúns
Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:

Hans-Olav Andersen, arkitekt FAÍ
Kristján Örn Kjartansson, arkitekt FAÍ

Ritari dómnefndar og verkefnastjóri:

Gísli Guðmundsdóttir, arkitekt FAÍ, verkefnisstjóri FSR

Trúnaðar- og umsjónarmenn dómnefndar:

Gísli Þór Gíslason, verkefnastjóri hjá Ríkiskaupum,
hætti störfum hjá Ríkiskaupum og við tók Indriði Waage,
verkefnastjóri hjá Ríkiskaupum.

Ráðgjafi dómnefndar:

Ármann Óskar Sigurðsson verkefnastjóri/byggingatæknifræðingur FSR.
Ásgerður Gylfadóttir, formaður bæjarráðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Sveinn Bragason, sérfræðingur hjá heilbrigðisráðuneytinu
Vigfús Halldórsson, sérfræðingur hjá Ríkiseignum
Guðrún Dadda Ásmundardóttir, framkvæmdstjóri HSU, á Höfn í Hornafirði
Helena Bragadóttir, hjúkrunarstjóri HSU, á Höfn í Hornafirði

NIÐURSTAÐA DÓMNEFNDAR

Við val sitt lagði dómnefnd áherslu á lausnir með góðu innra skipulagi og heimilislegu yfirbragði ásamt aðstöðu til útivistar þar sem aðgengi og öryggismál væru höfð að leiðarljósi og góð vinnuaðstaða fyrir starfsmenn tryggð. Horft var til þess að byggingin væri hagkvæm með hliðsjón af framkvæmda- og rekstrarkostnaði. Þá var einnig horft til þess hvort byggingin félli vel að umhverfi sínu og endurspeglaði vandaða byggingarlist.

Lagt er til að þrjár tillögur hljóti verðlaun en þær svara best að mati dómnefndar, þeim væntingum sem lýst er í samkeppnislýsingu. Dómnefnd leggur einnig til að tvær tillögur hljóti viðurkenningu með peningaverðlaunum. Þær tillögur sýna með mismunandi hætti áhugaverðar lausnir eða atriði sem dómnefnd þykir rétt að vekja athygli á.


Tillögur að vinningshöfum

1. verðlaun, kr. 4.000.000 kr., tillaga nr. 13, auðkennisnúmer 5588220
2. verðlaun, kr. 2.000.000 kr., tillaga nr. 10, auðkennisnúmer 3734257
3. verðlaun, kr. 1.000.000 kr., tillaga nr. 9, auðkennisnúmer 3462670

Tillögur sem lagt er til að hljóti viðurkenningu með peningaverðlaunum

- Viðurkenning, kr. 500.000 kr., tillaga nr. 02, auðkennisnúmer 0906121
Viðurkenning, kr. 500.000 kr., tillaga nr. 08, auðkennisnúmer 3145322



Reykjavík 3. júní 2019




Guðlaug Einarsdóttir, sérfræðingur hjá heilbrigðisráðuneytinu, formaður dómnefndar



Anna Birna Jensdóttir forstjóri Sóltúns



Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri Sveitarfélagsins Reykjavíkur



Hans-Olav Andersen, arkitekt FAI



Kristján Örn Kjartansson, arkitekt FAI

ALMENN UMSÖGN DÓMNEFNDAR

Áherslur dómnefndar

Í samkeppnislýsingu er áherslum dómnefndar lýst með eftirfarandi hætti:

Dómnefnd metur tillögur sem berast í samkeppnina með hliðsjón af fyrirbyggjandi samkeppnislýsingu og gögnum sem þar er vísað til.

Dómnefnd leggur höfuðáherslu á eftirfarandi atriði við mat sitt á úrlausnum:

- Að fá fram hugmyndir að vistlegu heimili fyrir einstaklinga sem þurfa á langvarandi umönnun og hjúkrunarþjónustu að halda.
- Að skapa góð rými til útivistar fyrir heimilismenn og góða aðkomu að lóð.
- Að herbergi einstaklinga séu haganlega útfærð og tryggð sé góð vinnuaðstaða starfsmanna.
- Að horft sé til framtíðar í tæknilegum lausnum er auðveldað geta daglegt líf heimilisfólks og vinnu starfsmanna.
- Að ytra og innra fyrirkomulag sé til fyrirmyndar hvað varðar aðgengi og öryggismál.
- Að byggingin verði hagkvæm með hliðsjón af framkvæmda- og rekstrarkostnaði byggingarinnar.
- Að húsnæðið tryggi hagkvæmni í daglegum rekstri eins og í starfsmannahaldi. Þar er meðal annars átt við að starfsfólk geti haft góða yfirsýn innan eininga og á milli eininga og jafnframt að helstu vegalengdir verði sem stýstar.
- Að nýbyggingin endurspegli vandaða byggingarlist er fellur vel að umhverfi sínu.
- Að umhverfissjónarmið og vistvæn hönnun verði höfð að leiðarljósi við útfærslu byggingar og lóðar.

Einnig var horft til hvernig unnið var með einstakt útsýni frá lóðinni auk tenginga við núverandi hjúkunarheimili.

Í umsögn dómnefndar hér á eftir er fjallað sérstaklega um hverja tillögu fyrir sig og henni gefin umsögn.

Dómnefnd fór í upphafi yfir allar tillögur. Að því loknu varð hún sammála um að taka eftirtaldar sjö tillögur til frekari skoðunar, það er nr. 02, 07, 08, 09, 10, 13 og 15.

Dómnefnd valdi að lokum þrjár tillögur sem verðlaunatillögur og tvær tillögur til viðurkenningar með peningaverðlaunum.

Verðlaunatillögurnar þrjár voru stærðarreiknaðar af Framkvæmdasýslu ríkisins og voru þær allar innan stærðarmarka.

LISTI YFIR TILLÖGUR

Vinnunúmer dómnefndar, auðkennisnúmer tillögu, verðlaun og viðurkenningar.

TILLÖGUR

Tillaga	1	3000100	
Tillaga	2	0906121	Viðurkenning
Tillaga	3	1511202	
Tillaga	4	1878697	
Tillaga	5	2145095	
Tillaga	6	2709663	
Tillaga	7	2986082	
Tillaga	8	3145322	Viðurkenning
Tillaga	9	3462670	3. verðlaun
Tillaga	10	3734257	2. verðlaun
Tillaga	11	4100222	
Tillaga	12	4585000	
Tillaga	13	5588220	1. verðlaun
Tillaga	14	6083364	
Tillaga	15	6366116	
Tillaga	16	6562289	
Tillaga	17	9337152	


SAMKEPPNISTILLÖGUR

UMSÖGN DÓMNEFNDAR



1. VERÐLAUN

Tillaga nr. 13 Auðkenni 5588220 – verðlaun 4.000.000 kr.



HÖFUNDAR:

BASALT arkitektar:

Ari Þorleifsson, byggingafræðingur BFÍ

Dagbjört Ásta Jónsdóttir, arkitekt FAÍ

Hrólfur Karl Cela, arkitekt FAÍ

Jón Guðmundsson, arkitekt FAÍ

Marcos Zotes, arkitekt FAÍ

Sigríður Sigþórsdóttir, arkitekt FAÍ

EFLA verkfræðistofa:

Baldur Kárason, orkuverkfræðingur

Bjarni Jón Pálsson, byggingarverkfræðingur

Pétur Jónsson, landslagsarkitekt

Tillagan er byggð á Eden hugmyndafræðinni með áherslu á lífsgæði og vellíðan íbúa. Byggingin lágmarkar skuggamyndun og hógværð er sýnd með tilliti til umhverfis og aðlögunar að núverandi arkitektúr. Byggingin er öll á einni hæð þar sem núverandi húsnæði er breytt í 10 manna einingu ásamt stoðrymum fyrir þjónustu. Í viðbyggingu eru tvær 10 manna einingar sem mótaðar eru umhverfis sameiginlegan inngarð. Að garðinum liggja sameiginleg rými með góða yfirsýn. Á milli starfsmannarýma deildanna eru sjónræn tengsl þvert yfir garðinn. Borðstofur eininganna liggja að inngarðinum á meðan setustofurnar teygja sig út í umhverfið og mynda þannig ás sem gefur sýn út í fjörðinn.




Tillagan uppfyllir flest þau markmið sem dórnefnd leggur upp með. Innra skipulag gerir það að verkum að nýting starfsfólks verður með besta móti með góðri yfirsýn yfir heimilið. Herbergi íbúa eru haganlega útfærð og öll eru þau með hurð út á einkaverönd og þar er gætt jafnræðis í nýbyggingu og eldri byggingu. Góð sjónræn tengsl eru á milli eininga í gegnum garð með útsýni út í fjörð og einnig í átt að bæjarlífinu. Garður í miðju nýbyggingar býður upp á möguleika til frjálstrar útivistar íbúa og eykur þannig möguleika á örvun skynfæra. Staðsetning sjúkrarýma er vel leyst á þann hátt að góð tengsl eru við starfsmannaaðstöðu og hægt er að samnýta starfsfólk sem eykur rekstrarhagkvæmni heimilisins. Tillöguhöfundar hafa aðalinngang við kapellu sem virðist helst til þröngur en gæti vel nýst sem inngangur að kapellu. Staðsetning starfsmannainngangs er æskilegri sem aðalinngangur.



Útlit Austur 1:200



Útlit Vestur 1:200



Fjarviðar snið A 1:200

Framsetning er til fyrirmyndar og fagmannlega unnin í alla staði. Form nýbyggingar og efnisnotkun fellur einstaklega vel að núverandi byggingum og umhverfi. Samspil hlýlegra efna í sameiginlegum rýmum, frábær tenging við inngarð, útisvæði og útsýni auk góðra sjónrænna tengsla, skapar einstaklega heimilislegt umhverfi.



2. VERÐLAUN

Tillaga nr. 10 Auðkenni 3734257 – verðlaun 2.000.000 kr.



HÖFUNDAR:

ANDERSEN & SIGURDSSON ARKITEKTER:

Ene Cordt Andersen, arkitekt MAA

Þórhallur Sigurðsson, arkitekt MAA, FAÍ

Kim Bendsen, arkitekt

Ráðgjafar:

Carsten E. Holgaard

Steinar Sigurðsson, arkitekt FAÍ


3D aðstoð:

Fractal Mind



Meginhugmynd tillöguhöfunda er að skapa heimilislegt og hlýlegt umhverfi. Höfundum tekst þetta listavel með því að brjóta verkefnið upp í mörg stök hús sem raða sér upp í kringum fallega inngarða.

Aðkoma er vel hönnuð og inngangar vel staðsettir, bæði fyrir heimilisfólk og gesti þeirra svo og starfsfólk og aðföng. Útisvæði eru til fyrirmyndar, sérstaklega inngarðar sem veita heimilismönnum skjólgóða garða í mikilli nánd við bæði herbergi og sameiginleg rými í viðbyggingu.

Innra skipulag er til mikillar fyrirmyndar bæði fyrir heimilisfólk og starfsmenn. Herbergi heimilisfólks eru virkilega vel hönnuð, nýttast vel sem heimili með stofukrók og tengingu út á eigin verönd. Sameiginleg rými eru staðsett miðsvæðis og í góðum tengslum við bæði herbergi og inngarða auk þess að hafa góða tengingu við útisvæði í garði. Helstu vankantar á innra skipulagi er staðsetning sjúkrarýma í kjallara sem torveldar samnýtingu starfsmannaaðstöðu og starfsfólks. Í núverandi byggingu er herbergjum haganlega fyrir komið og hönnuð með sömu gæðum og í viðbyggingu eins og t.d. aðgengi út í garð en þar hefði mátt aðgreina heimili betur frá daglegri starfsemi fyrir utanaðkomandi. Staðsetning framleiðslueldhúss við aðalinngang og sameiginleg útirými orkar tvímælis.



Tillöguhöfundar ná að vinna einstaklega vel með efniskennd, skala og rými. Staðsetning nýbygginga í klasa húsa í kringum tvo inngarða gefur þorpslegt yfirbragð og þakform samsvarar sér vel við núverandi byggingar. Viðarklæðning og góð tenging við náttúru mynda einstaklega hlý og heimilisleg rými sem tillagan sýnir á afar sannfærandi hátt.





3. VERÐLAUN

Tillaga nr. 9 Auðkenni 3462670 – verðlaun 1.000.000 kr.



HÖFUNDAR:

ZEPELIN arkitektar:

Orri Árnason

Gréta Þórsdóttir Björnsson

Anna Aneta Bilská

Nicholas Crowley

Renderingar og myndvinnsla:

Halldór Snorrason

Mjög sannfærandi lausn þar sem uppröðun íbúða, sameiginlegar setustofur og flest stoðrymi eru rökrétt og haganlega komið fyrir. Ein átta manna deild er staðsett í núverandi húsnæði og tvær einingar með ellefu íbúðir í nýbyggingu sunnan við Skjólgarð. Íbúðir í nýju og núverandi húsnæði eru af svipuðum gæðum. Allsstaðar er tryggt gott útsýni og flestar íbúðir eru með verönd.

Aðal aðkoma er opin og björt og þjónustuinngangur við eldhús og sorp til fyrirmyndar. Líkgeymsla er staðsett of langt frá kapelli og viðkvæmt getur verið að flytja kistu í gegnum almenningsrymi. Engin tengsl eru milli starfsmannarýma og sjúkrarýma sem torveldar samnýtingu starfsfólks.

Nýbyggingin er hlýleg með nútímalegt yfirbragð þar sem nýtt og gamalt spilar vel saman. Athyglisvert útirými er til vesturs þar sem tengibrú rammar inn útsýnið. Framsetningin er skýr og fagmannlega unnin.







VIÐURKENNING Tillaga nr. 2 Auðkenni 0906121 – 500.000 kr.

HÖFUNDAR:

A2F arkitektar:

Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAÍ

Falk Krüger, arkitekt FAÍ

Aðstoð:


Arina Belajeff, arkitekt


Teiknistofan Storð:

Hermann Georg Gunnlaugsson, landslagsarkitekt FÍLA

Skemmtileg tillaga sem vísar í nærliggjandi örnefni. Nýbygging er brotin upp með mænispökum sem gefur byggingunni þorpslega ásýnd.

Aðkoma er til fyrirmyndar í alla staði og hugað hefur verið vel að hönnun útisvæða bæði til útivistar og ræktunar. Heimiliseiningarnar eru þrjár á tveimur hæðum sem skerðir yfirsýn milli þeirra. Aðgengi er út á einkaverönd úr öllum íbúðarherbergjum og til fyrirmyndar er hvernig eldra húsnæði er breytt til að gera herbergi þar sambærileg að gæðum og í nýbyggingu. Óhentug starfsmannarými draga tillöguna niður svo og skortur á nægilegri tengingu við sjúkrarými. Sameiginleg rými hafa yfir sér heimilislegt yfirbragð og góða tengingu út á verönd og við einkarými. Form og efniskennð nýbygginga samsvarar sér ágætlega með núverandi mannvirkjum og umhverfi. Framsetning tillögunnar hefði mátt vera skýrari.





VIÐURKENNING Tillaga nr. 8 Auðkenni 3145322 – 500.000 kr.

HÖFUNDAR:


Sei Studio + Nicolas Fueyo:

Shruthi Basappa

Einar Hlér Einarsson



Nicolas Fueyo

Tillagan byggir á þyrpingu og að skapa umgjörð um samfélag. Byggingin er á einni hæð og er fremur einföld og hagkvæm í byggingu. Þorpshugsun sem höfundar lýsa er áhugaverð og hver eining fyrir sig til fyrirmyndar. Einstaklingsrýmið og sameiginleg rými eru mjög vel skipulögð og umhverfið heimilislegt. Herbergin eru björt með aðgengi út í garð og vinnuaðstaða starfsmanna er góð. Sér aðkoma er fyrir gesti í hverja einingu sem umlykur opinn inngarð sem ætlað er hvert sitt þemað. Innsýn á milli inngarða gæti reynst heimilisfólki ruglingslegt.



AÐRAR TILLÖGUR

UMSAGNIR DÓMNEFNDAR



TILLAGA nr. 1 Auðkenni 3000100


HÖFUNDAR:

Daniel Ólafsson, arkitekt

Andreas W. Puck, arkitekt

Raquel Estrochio, landslagsarkitekt

Í tillöggunni er gert ráð fyrir þremur heimiliseiningum á tveimur hæðum. Sameiginleg rými eru miðsvæðis sem er kostur og nýting á eldra húsnæði er góð. Eins er lögð áhersla á umhverfissvæna hönnun. Hins vegar er ekki er gert nægjanlegt ráð fyrir tengingu íbúa við umhverfi, hvorki hvað varðar aðgengi út undir bert loft eða útsýni sem staðsetningin býður upp á. Gangar eru óþarflega langir í viðbyggingunni og endagaflar illa nýttir þar sem útsýni til sjávar hefði getað aukið gæði rýma. Form viðbyggingar tengist vel formi núverandi bygginga en efniskennd nær ekki sömu tengingu þrátt fyrir hlýlegt yfirbragð.



TILLAGA nr. 3 Auðkenni 1511202

HÖFUNDAR:


TARK arkitektar ehf:

Eva Sigvaldadóttir, arkitekt FAÍ
Hildur Inga Rós Raffnsoe, arkitekt FAÍ,
Ivon Stefán Cilia, arkitekt FAÍ

Aðstoð:

Hjörtur Pálsson, byggingafræðingur

Skemmtileg tillaga sem tekur afar gott tillit til nýtingar útsýnis með L-laga byggingu sem opnast í útsýnisátt þannig að sem flest rými njóta. Aðkoma er vel staðsett miðsvæðis fyrir gesti en aðgengi að framleiðslueldhúsi mætti vera betra. Tillagan er einnig vel útfærð og sett fram á skýran hátt. Fyrirkomulag með tilliti til tengsla milli eininga, gæti reynst óhagstætt í rekstri. Helmingur núverandi húsnæðis er ekki hluti af tillögunni og óljóst með notkun. Sjúkrarýmum er fundinn staður í nýju húsnæði sem fullnægir ekki forsendum sem gefnar voru. Efnisval er skemmtilegt, íslenska lerkið getur verið hlýlegt og passar vel með harðvið í innskotum og sameiginlegum rýmum.



TILLAGA nr. 4 Auðkenni 1878697


HÖFUNDAR:

Tiago Sá

Lucian Racovitan

Ásta María Þorsteinsdóttir

Áhugaverð tillaga sem samanstendur af raðhúsum sem hringa sig í kringum fallegan inngarð. Byggingar-massinn trappast niður með landslaginu og tveggja hæða bygging verður að einnar hæðar með ákveðnum stíganda. Vel er hugað að því að hver íbúi geti notið einstaks útsýnis yfir fjörðinn frá íbúð sinni. Íbúðaeiningar eru frekar mjóar og inngangar þar vannýttir. Gangar eru langir og þröngir sem gerir yfirsýn starfsfólks torveldari. Inngarður tengir vel saman sameiginleg rými og gefur heimilislegt yfirbragð. Hugmyndafræðin er skemmtileg og styrkur tillögunar er gott samspil við umhverfið og góð tenging við inngarð. Efnisval er gott og heildaryfirbragð byggingar heimilislegt. Framsetning tillögu er til fyrirmyndar.



TILLAGA nr. 5 Auðkenni 2145095

HÖFUNDUR:

Óþekktur

Sérstök tillaga sem gerir ráð fyrir fjórum misstórum einingum. Aðkoma og útsvæði eru ekki sýnd á nægilega skýran hátt. Setu- og borðstofum er haganlega fyrirkomid m.t.t. útsýnis. Íbúðir vel útfærðar og hafa aðgengi út í garð. Sameiginlegir garðar eru þröngir og lítið tengdir umhverfinu. Gangar eru langir og þarf starfsfólk að fara langar leiðir í stoðrymi. Líkhús er sérkennilega staðsett við setu- og borðstofu. Hugmyndir um efnisval eru áhugaverðar en framsetning verkefnis er fátækleg.



TILLAGA nr. 6 Auðkenni 2709663

HÖFUNDAR:

Dennis Davíð Jóhannesson, arkitekt FAÍ
Hjördís Sigurgísladóttir, arkitekt FAÍ

Tillagan samanstendur af tveimur íbúðaeiningum á sitt hvorri hæð í nýbyggingu. Aðkoma er ágæt en inngangar fyrir heimilisfólk og gesti eru tveir sem gefur óparfa flækjustig. Sameiginleg rými eru staðsett í núverandi húsnæði. Það myndast fínt samspil milli einkarárma og sameiginlegra rýma. Jákvætt að mörg einkarármi eru með hurð út á pall. Hurð milli herbergis og snyrtingar er ekki vel staðsett með tilliti til notkunar lyftubrauta. Innra skipulag gerir ráð fyrir fjórum deildum sem getur krafist fleiri starfsmanna. Staðsetning sjúkrarárma úr tengslum við starfsmannarármi torveldar samnýtingu starfsfólks. Ríflega helmingshluti af núverandi húsnæði er afgangsrými og óljóst með notkun. Form og gluggasetning viðbyggingar spilar ágætlega með núverandi húsnæði. Framsetningin er skýr.



ITLUT HORFT (NOB) VESTUR



TILLAGA nr. 7 Auðkenni 2986082

HÖFUNDAR:


Studio Arnhildur Pálmadóttir arkitektar:

Arnhildur Pálmadóttir

Björg Skarphéðinsdóttir

Erla Ólafsdóttir

Tillagan gerir ráð fyrir sex íbúðaeiningum á fimm deildum. Hugmyndin er skemmtilega útfærð gagnvart fimm af einingunum og er sérstaklega vel unnið með endurgerð íbúða í fyrirbyggjandi byggingu með útskotum. Íbúðaeiningin á jarðhæðinni deilir svæðinu með ýmskonar stoðrymum sem gerir það svæði ekki eins aðlaðandi og á efri hæðinni. Íbúðir eru allar vistlegar með aðgengi út í garð eða á einkasvalir og stutt að fara í setu- og borðstofu. Óhagræði er þó að hafa eina sex íbúðaeiningu á jarðhæð m.t.t. mönnunar og reksturs. Aðstaða fyrir starfsfólk er vel staðsett og vegalengdir stuttar. Glæsilegt útsýni er frá 3ju hæðinni en nýting orkar tvímælis. Bygging er stór og djúpt er inn að miðrymum á efri hæð þar sem sameiginleg rými njóta ekki útsýnis. Tillöguhöfundum tekst vel til með að láta tvo ólíka efnisheima mætast í miðbyggingu þar sem útskot eru með viðarklæðningu. Framsetning er almennt góð en myndir hefðu átt skilið meiri dýpt svo efniskennd og yfirbragð kæmist betur til skila.



TILLAGA nr. 11 Auðkenni 4100222

HÖFUNDAR:

Gríma arkitektar:

Sigríður Ólafsdóttir, arkitekt FAÍ

Kreativa teiknistofa:

Hulda Þ. Aðalsteinsdóttir, innanhússarkitekt FHI

Ráðgjöf við landslagsmótun:


VSÓ ráðgjöf

Fríða Björg Eðvarðsdóttir, landslagsarkitekt

Ráðgjöf við verkfræðihönnun:

VSÓ ráðgjöf

Hugmynd tillögunnar er skírskotun í umhverfið og nýjar byggingar hjúkrunarheimilisins eiga að endurspegla skerin í firðinum. Aðkoma og útisvæði eru vel hönnuð og veita fjölbreytta möguleika til útivistar og ræktunar. Innra skipulag er til fyrirmyndar, herbergi heimilisfólks og sameiginleg rými eru vel hönnuð og góð tengsl við rými starfsmanna. Helstu vankantar á innra skipulagi er skortur á tengslum milli heimiliseininga. Svalir og bein tengsl herbergja auk sameiginlegra rýma við útirými er góð en nokkuð vantar upp betri legu fjölda herbergja svo útsýni til skerjanna njóti sín til fulls. Yfirbragð nýbyggingar er hlýlegt og heimilislegt og slítur sig eilítið frá núverandi byggingum. Vel hefur verið hugað að uppbyggingu og efnisvali út frá vistvænum sjónarmiðum og má hrósa tillöguhöfundum fyrir að horfa einnig á vistvæni og hagkvæmni í rekstri mannvirkjanna til framtíðar.



TILLAGA nr. 12 Auðkenni 4585000

HÖFUNDAR:

KHR arkitektaur:

Janina Zerbe, arkitekt



Pernille Faber, arkitekt

Björn Reynisson, arkitekt

Ráðgjöf: ORBICON:

Ármann Halldórsson, Löggiltur mannvirkjahönnuður

Græna hjúkrunarheimilið við hafið er meginhugmynd tillöguhöfunda og tekst ágætlega til en betur hefði mátt huga að hönnun á útisvæðum. Aðkoma er vel hönnuð og inngangar góðir fyrir heimilismenn, starfsfólk og aðföng. Innra skipulag er til mikillar fyrirmyndar, herbergi heimilisfólks og sameiginleg rými eru hönnuð með mikla nánd við aðra heimilsmenn í huga og tekst höfundum þar vel til. Sjúkrarými eru ekki staðsett samkvæmt forsögn þar sem höfundar hafa valið að staðsetja þau í heilsugæslustöðinni. Sameiginleg rými eru mjög vel leyst með góð tengsl við útirými og einstakt útsýni. Efniskennd bygginganna er djörf og getur virkað vel en höfundar ná ekki að sýna nægilega sannfærandi samspil efna, rýma og útisvæða.



TILLAGA nr. 14 Auðkenni 6083364

HÖFUNDAR:

ArGH:

Amar Grétarsson

Gísli Hrafn Magnússon

Mjög sérstök tillaga þar sem flest sameiginleg rými eru staðsett í núverandi byggingu og þrjár tíu manna deildir eru í þríhyrningslaga, þriggja hæða byggingu sunnan við Skjólgarð. Ein deild auk stoðryma á hverri hæð. Athyglisverð hugmynd um veðurhúp gefur herbergjum og umferðarrýmum sérstöðu. Allar íbúðir eru með svalir og gróðurhús. Ekki er gott flæði milli deilda og mönnunarþörf er því meiri en í flestum öðrum tillögum. Yfirbragð er nokkuð framandi og samspil við núverandi byggingar er ekki sannfærandi.



TILLAGA nr. 15 Auðkenni 6366116

HÖFUNDAR:

VA arkitekta ehf:

Jóhann Harðarsson

Magdalena Sigurðardóttir

Ólafur Axelsson

Steinunn Halldórsdóttir

Ráðgjafi:

Verkís

Tillagan byggir á skjólgóðum útsvæðum með góðum tengslum við sameiginleg rými og mismunandi möguleikum til útivistar og ræktunar.

Aðkoma er vel hönnuð og inngangar vel staðsettir, bæði fyrir heimilisfólk og gesti. Aðkoma að kapellu og líkhúsi á neðri hæð er góð en ábótavant við eldhús. Innra skipulag er til fyrirmyndar, herbergi heimilisfólks og sameiginleg rými eru vel hönnuð með góð tengsl við rými starfsmanna og útsvæði. Helstu vankantar á innra skipulagi eru mismunandi gæði herbergja m.t.t. útsýnis og tengingu við inngarða. Yfirbragð nýbyggingar er nokkuð frábrugðin stíl núverandi byggingar bæði hvað varðar form, efnisnotkun og gluggasetningu. Efnisval býður upp á hlýlegt og heimilislegt umhverfi þó tillöguhöfundar sýna það ekki á sannfærandi hátt né þá hvernig byggingar falla að nánasta umhverfi. Vel er hugað að vistvænum lausnum í uppbyggingu og efnun.



TILLAGA nr. 16 Auðkenni 6562289

HÖFUNDAR:

ARKÍS arkitektar ehf:

Björn Guðbrandsson, arkitekt FAÍ

Erna Þráinsdóttir, arkitekt

Aðalsteinn Snorrason, arkitekt FAÍ

Arnar Þór Jónsson, arkitekt FAÍ

Birgir Teitsson, arkitekt FAÍ


Egill Már Guðmundsson, arkitekt FAÍ

Svava Björk Bragadóttir, byggingafræðingur BFÍ

Viggó Magnússon, byggingafræðingur BFÍ

Þorvarður L. Björgvinsson, byggingafræðingur BFÍ

Tillagan byggir á tveggja hæða nýbyggingu sem er haganlega útfærð. Herbergi íbúa eru vel hönnuð og heimilið hefur heimilislegt yfirbragð. Gamla byggingin er nýtt undir stoðrymi og sjúkrarými. Staðsetning sjúkrarýma gerir það að verkum að engin tengsl eru við starfsemi hjúkrunarheimilis og þar af leiðandi ekki möguleiki á samnýtingu starfsfólks. Sameiginleg rými eru hlýleg og björt. Inngarðar mynda góð tengsl við sameiginleg rými, gefa af sér fallega birtu og góð tengsl við náttúru en eru helst til of smáir. Framsetning verkefnis er til fyrirmyndar.



TILLAGA nr. 17 Auðkenni 9337152

HÖFUNDAR:

Zophoniasson

+Partener Dipl.Architektan ETH SIA BDA:

Paloma Fernandez

Bjarki Zophoniasson, arkitekt FAÍ

Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf:

Páll Zóphóníasson

Tillagan byggir á H-laga byggingarformi þar sem núverandi húsnæði er breytt í 8 íbúa heimili og nýbygging er á tveimur hæðum með 11 íbúa á hvorri hæð. Gamla húsnæðið er leyst á góðan og hagkvæman hátt. Anddyri kemur vel út með gott útsýni út í fjörð. Hugmyndir um fjölbreytt dvalarsvæði á lóð og möguleika á ræktun er góð. Vistarverur í nýbyggingu opnast allar út á svalir eða út á hellulagða verönd. Í nýbyggingunni eru langir gangar sem gerir starfsfólki erfiðara við umönnun og góð tengsl við íbúa. Sjúkrarámin eru staðsett úr tengslum við starfsemi hjúkrunarheimilis sem torveldar samnýtingu á starfsfólki. Form og hlutföll nýbyggingar er tekið beint frá núverandi byggingum og fellur þannig vel inn í umhverfið. Framsetning á verkefni er skýr.

